

að hann hefur gjört áfrýjanda að greiða hinum stefnda í málskostnað 12 kr., þá ber að staðfesta bæjarþingsdóminn með þeirri breytingu á sektarupphæðinni, sem þegar er greind. — Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

D v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Bæjarþingsdómnum í þessu máli skal óraskað, þó þannig, að sektin, er rennur í landssjóð, sje að eins 100 kr., og komi fyrir einfalt fangelsi í 30 daga, sje sektinni ekki lokið í ákveðinn tíma. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum þer að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Nr. 28/1884

J. E. Jensen bakari.

gegn

Finni kaupmanni Finnssyni

D ó m u r :

Heð dómi, kveðnum upp fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur kaupstaðar 1. maí þ. á., eru ummæli, sem áfrýjandi þessa máls J. E. Jensen bakari, hafði haft um hinn stefnda, Finn kaupmann Finnsson, í brjefi til bæjarfógetans í Reykjavík, dags. 14. jan. s. á., dæmd dauð og ómerk og áfrýjandinn dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 15 daga einfalt fangelsi, sem og til að greiða hinum stefnda 12 aura og ennfremur málskostnað með 25 kr. Þar að auki eru orðin: „pressa út peninga“ í varnarskjali áfrýjandans í hjeraði dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefur J. E. Jensen skotið til yfirdómsins með stefnu, dags 5. júlímán. þ. á., og krafizt, að verða dæmdur sýkn af kærnum og kröfum hins stefnda í málinu, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins; svo hefur hann og krafizt, að nokkur orð í varnarskjali hins stefnda fyrir yfirdómi verði dæmd dauð og ómerk, og hann sektaður fyrir ósæmilegan rithátt. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur í öllum greinum og áfrýjandinn dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi með 50 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati.

Mál þetta er risið út af því, að áfrýjandinn í brjefi til bæjarfógetans í Reykjavík, dags. 14. jan. þ. á., hafði borið sig upp yfir því, að hinn stefndi ekki vildi framselja sjer sykursekk, er áfrýjandinn ætti í vörzlum hans, og farið þeim orðum um hinn stefnda, að öll aðferð hans í þessu máli benti á, að hann í fyrstu hafi ætlað að stela sekknum, og ennfremur skorað á bæjarfógetann að gjöra eptirleit að þessum sekk í húsum hins stefnda, og að rannsaka, hvernig sekkurinn væri kominn í hans hendur. Með því að þessi ummæli áfrýjandans um hinn stefnda eru mjög svo ærumeiðandi, og áfrýjandinn ekki hefur getað fært sönnur á nein þau atvik, er gætu gefið honum átyllu til að hafa þau í frammi um hinn stefnda, þá verður yfirdómurinn að fallast á, að ummælin eru dæmd ómerk í bæjarþingsdómnum, og að áfrýjandinn hefur verið dæmdur eptir 217. gr. hegningarlaganna í sekt til landssjóðs, sem ekki virðist of hátt metin 50 kr., og sem afplánast með 15 daga einföldu fang-

elsi, ef hún ekki er greidd í ákveðinn tíma. Ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn að þessu leyti og einnig að því er snertir ómerkingu orða þeirra í varnarskjali áfrýjandans í hjeradi, sem tilgreind eru í nefndum dómi. Áptur á móti er ekki ástæða til að dæma áfrýjandann til að greiða hinum stefnda 12 aura í uppskipunarlaun fyrir áður nefndan sykursekk, með því það verður að álitast sannað í hjeradi, að uppskipunarlaun þessi sjeu þegar borguð. Að því er snertir ummæli þau í varnarskjali hins stefnda fyrir yfirdómi, sem áfrýjandinn hefur heimtað dæmd ómerk, þá fær yfirdómurinn ekki sjeð, að með þeim sje dróttað neinum ódrengskap að áfrýjandanum, og virðist því ekki ástæða til að taka þá kröfu til greina. Eftir þessum úrslitum málsins ber enn fremur að staðfesta ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað í hjeradi, og ber áfrýjandanum þá einnig að endurgjalda hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 10 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Að því er snertir 12 aura í uppskipunar-
kaup á áfrýjandinn, J. E. Jensen, að vera sýkn
af kærnum hins stefnda, Finns Finnssonar, að öðru
leyti á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður.
Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn
hinum stefnda 10 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
legri birtingu hans undir aðför að lögum.